

Mánudaginn 12. marzmán.

Nr. 8/1877:

Rjettvísinn

gegn

Sigurbirni Björnssyni.

D ó m u r :

Það er með eigin játningu hins ákærða Sigurbjarnar Björnssonar og öðrum atvikum nægilega sannað, að hann veturinn 1875 stal í bæ Páls gullsmiðs Eyjólfssonar hjer í bænum frá lærisveini Páls, Ólafi Sveinssyni, 2 silfurmillaknippum og 2 silfurhnöppum úr lokuðum kistli, er þar stóð í smíðahúsinu; í öðru knippinu voru 10 heilar millur, en hitt knippið og hnapparnir voru brotasilfur. Heilu millurnar seldi hann Jóni gullsmið Þorbjörnssyni, en var þá búinn að beigla þær og skemma, og 2 hnapphvolfin fyrir 3 krónur; þetta silfur er komið til skila, en Jón hefur heimtað áminnztar 3 krónur sjer endurgoldnar, og eins hefur Ólafur Sveinsson heimtað 14 krónur fyrir skemmdirnar á millunum, og hefur ákærði ekkert haft á móti því. Hinar millurnar seldi hann Sigurði gullsmið Vigfússyni fyrir 3 krónur, en með því Sigurður var búinn að bræða þær upp, hefur Ólafur heimtað þær sjer endurgoldnar með 3 kr., og að auk 66 aura fyrir annan hnappinn, er ekki kom til skila, og ákærði kvaðst mundu hafa fleygt. Nokkru seinna stal ákærði frá Valgarði Breiðfjörð, trjesmið hjer í bænum, er hann var til húsa hjá, silfurskeið, er lá þar á eldhúsgólfinu, braut hana og seldi Erlendi nokkrum Magnússyni fyrir 2 kr. 50 aura; eru skeiðarbrotin komin til skila, og hefur Valgarður heimtað 1 kr. fyrir skemmdirnar, en Erlendur, að sjer yrðu endurgoldnar áminnztar 2 kr. 50 a. Með dómi Reykjavíkur bæjarþingsrjettar 20. nóvembermán. f. á. er ákærði dæmdur til 8 mánaða betrunarhússvinnu fyrir þennan þjófnað, og til að endur-

gjalda: Olafi Sveinssyni 17 kr. 66a., Jóni Þorbjörnssyni 3 kr., Erlendi Magnússyni 2 kr. 50 a. og Valgarði Breiðfjörð 1 kr., og sömuleiðis til að lúka allan af málinu löglega leiðandi kostnað, en dómi þessum hefur amtmaður skotið til yfirdómsins. Um það leyti, sem mál þetta var dæmt fyrir undirrettinum, fór hinn ákærði vestur á Ísafjörð í óleyfi bæjarfógetans, en var tekinn þar og fluttur til Reykjavíkur eptir ráðstöfun lögreglustjórnarinnar, og er hann kom til Reykjavíkur 7. f. m., var hann samkvæmt úrskurði undirdómarans settur í varðhald.

Þegar nú haft er tillit til þess, að hinn ákærði fúslega hefur játað afbrot sitt, og mjög ill læsing hlýtur að hafa verið fyrir kistlinum, er hann stal millunum úr, þar sem hann kippti honum upp með höndunum, og einkum hins unga aldurs hins ákærða, sem að eins er um tvítugt, þá virðist hegningin sje hæfilega metin fyrir brot þetta, sem heyrir undir 230 gr. hegningarlaganna, til 6×5 daga fangelsis við vatn og brauð, og ber því að breyta undirrettardóminum þessu samkvæmt, sem og að því leyti að iðgjöld þau, sem þar eru dæmd Jóni Þorbjörnssyni og Erlendi Magnússyni nemist burtu, en að öðru leyti að staðfesta hann. Svo ber honum að lúka í málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum 10. kr. til hvors.

Meðferð málsins í hjeradi, og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Sigurbjörn Björnsson á að sæta vatns og brauðs hegningu í 6×5 daga. Svo ber honum og að borga í iðgjöld til Ólafs Sveinssonar 17 kr. 66 a., og til Valgarðar Breiðfjörðs 1 kr., sem og allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á með-

al til sóknara og svaramanus fyrir yfirdóminum, organista P. Guðjohnsens og málaflutningsmanns Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors fyrir flutning þeirra á málinu.

Hið í dæmda ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 4/1877:

Rjettvísín
gegn

Jakob Davíð Sigurðssyni.

Úrskurður:

Áður en landsyfirrjetturinn leggur fullnaðardóm á mál þetta, er nauðsynlegt, að útvegaðar sju þær ítarlegri upplýsingar, er nú skal greina:

- 1, skýrsla verzlunarstjórans á Oddeyri og verzlunarpjóna hans um þjófnað þann, sem þar var framinn 26. septembermán. f. á., svo og upplýsingar um, hvort hinn ákærði var svo ölvaður, þegar hann framdi þennan þjófnað, að það geti haft áhrif á sakhæfi hans, eins og talsmaður hans í hjerði gefur í skyn;
- 2, upplýsing um, hvort nokkur búi í húsi því, þar sem E. Laxdal hefur sölubúð sína, og sje svo, þá ítarlegri upplýsingar um herbergjaskipunina í húsinu, sem og um önnur þau atriði, sem það er undir komið, hvort afbrot hins ákærða verður heimfært undir 231. gr. hegningarlaganna, 4. lið, 2. málsgrein, sbr. 46. grein;
- 3, skírnarvottorð hins ákærða og dómsgjörðirnar í máli því, sem áður hefur verið höfðað gegn honum fyrir þjófnað, og dæmt var 5. ágústmán. f. á.

Það er vitaskuld, að undirdómaranum ber einnig að útvega þær upplýsingar í málinu, sem hinar hjer áskildu kynnu að gefa tilefni til.